

Ed. 537. Frumvarp til laga [273. mál]
um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en hefur sérstakan fjárhag og reikningshald og lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Sementsverksmiðju ríkisins, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins hefur heimili sitt og varnarþing á Akranesi, þar sem verksmiðja hennar er staðsett, sbr. 4. gr., en auk þess getur hún haft starfsstöðvar, þar sem stjórn fyrirtækisins ákveður.

3. gr.

Tilgangur Sementsverksmiðju ríkisins er að annast vinnslu, dreifingu og sölu á sementi úr innlendum og erlendum hráefnum, fyrir innlandan og erlendan markað, ásamt efnavinnslu, rannsóknnum og annarri starfsemi, sem tengd er vinnslu og sölu á sementi.

4. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins á og rekur sementsverksmiðjuna á Akranesi, sem byggð hefur verið samkv. lögum nr. 35 1. apríl 1948. Á stofnunin allar eignir og réttindi og ber allar skyldur og skuldbindingar, sem verksmiðjunni tilheyra.

5. gr.

Ríkissjóður leggur Sementsverksmiðju ríkisins til stofnfjárframlög umfram eignir þær, sem um ræðir í 4. gr., eins og ákveðin kunna að verða í fjárlögum eða öðrum lögum hverju sinni.

6. gr.

Heimilt er Sementsverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins. Fyrirtækið getur þó ekki skuldbundið ríkissjóð að því er snertir skuldbindingar og lán vegna greiðslu stofnkostnaðar, nema ríkisstjórnin samþykki þá ráðstöfun samkvæmt heimild í fjárlögum eða öðrum lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Iðnaðarráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann verksmiðju-stjórnar og annan varaformann.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Iðnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til að skuldbinda Sementsverksmiðju ríkisins þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

8. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins ræður fyrirtækinu tvo framkvæmdastjóra, og er annar framkvæmdastjóri viðskiptamála fyrirtækisins. Veitir hann því forstöðu í viðskiptalegu tilliti og hefur prókúruumboð fyrir það. Er hinn tæknilegur framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og annast hann tæknilega stjórn á verksmiðju þess, framleiðslu hennar og hráefnaöflun. Hann skal hafa verkfræðilega menntun.

Framkvæmdastjórar annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, og eiga þeir sæti á stjórnarfundum. Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins setur þeim erindisbréf, er kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

9. gr.

Endurskoðendur Sementsverksmiðju ríkisins skulu vera tveir, skipaðir af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn. Ákveður ráðherra laun þeirra, að fengnum tillögum stjórnar fyrirtækisins.

10. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

11. gr.

Reikningsár Sementsverksmiðju ríkisins er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að endurskoðun lokinni skulu reikningarnir sendir iðnaðarráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra viðskiptamála og áritaðir af endurskoðendum.

12. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins ákveður, að höfðu samráði við iðnaðarráðherra, söluverð á sementi og annarri framleiðslu fyrirtækisins. Við ákvörðun í því efni skal að því stefnt, að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem bundið er í rekstri fyrirtækisins á hverjum tíma, og að fyrirtækið hafi hæfilegt bolmagn til endurnýjunar og aukningar á búnaði sínum og eflingar framleiðslutækni.

13. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og aðstöðu vegna byggingarframkvæmda og starfrækslu Sementsverksmiðju ríkisins, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Um eignarnám þetta fer samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

14. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins skal gera allar varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að hindra, að verksmiðjurekstur hennar valdi tjóni á umhverfi sínu, og fullnægja nauðsynlegum kröfum um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

15. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun Sementsverksmiðju ríkisins setur iðnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar fyrirtækisins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju, ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

Haldast skal umboð núverandi stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins, þar til sam-einað Alþingi hefur kjörið fyrirtækinu nýja stjórn samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að láta reisa verksmiðju hér á landi til vinnslu sements, og mælti jafnframt fyrir um nokkur undirstöðuatriði varðandi skipulag slíks fyrirtækis. Á grundvelli þessara laga var síðan reist sementsverksmiðjan á Akranesi, er rekin hefur verið sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra og síðar iðnaðarráðherra. Bygging verksmiðjunnar var hafin á árinu 1954, og tók hún til starfa á árinu 1958. Vinnslugeta verksmiðjunnar hefur reynzt nema rúmlega 100 000 lestum af sementi á ári, og ræðst hún aðallega af stærð brennsluofnsins. Í upphafi voru ýmis önnur mannvirki verksmiðjunnar hönnuð fyrir frekari afköst, þannig að tvöfalda má vinnslugetuna með auðveldum hætti tæknilega séð. Jafnframt eru fyrir hendi möguleikar til frekari stækkunar síðar meir. Verksmiðjan hefur getað annað nær allri innlendri eftirspurn eftir sementi allt síðan rekstur hófst. Jafnframt hefur hún gert tilraunir um útflutning sements, þótt í smáum mæli sé, er benda til þess, að hún mundi geta staðizt samkeppni á þeim vettvangi hvað vörugæði snertir. Nokkur hluti framkvæmda á upphaflegri byggingaráætlun var enn ógerður, þegar verksmiðjan tók til starfa, einkum þau mannvirki, sem tilheyrðu dreifingarkerfi hennar. Hefur fyrirtækið unnið að þessum framkvæmdum smám saman, eftir því sem aðstæður leyfðu, og er þeim nú lokið að mestu. Nánari greinargerð um aðdraganda að byggingu sementsverksmiðjunnar og um rekstur hennar er að finna í yfirliti Ásgeirs Péturssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins, sem fylgir með athugasemdum þessum.

Hinn 10. nóvember s. l. skipaði iðnaðarráðherra nefnd fjögurra manna til að semja frumvarp að nýrri löggjöf um Sementsverksmiðju ríkisins, sem leysa mundi af hólmi framangreind heimildarlög og leggja fyrirtækinu varanlegri starfsgrundvöll. Í erindisbréfi nefndarinnar var á það bent, að hin gildandi lög um fyrirtækið væru að ýmsu leyti ófullkomin, enda aðallega ætluð sem heimild til upphaflegrar byggingar verksmiðjunnar. Kynni að vera þörf frekari ákvæða um ýmis atriði varðandi rekstur fyrirtækisins við núverandi skilyrði, svo sem fjárreiður, framkvæmdastjórn, öryggismál, hreinlætiskröfur, mengun o. fl.

Í nefnd þessari áttu sæti þeir Ásgeir Pétursson, sýslumaður, Benedikt Gröndal, alþingismaður, Sveinn Guðmundsson, alþingismaður, og Hjörtur Torfason, hæstaréttarlögmaður, sem nefndin valdi til formennsku. Álit nefndarinnar kemur fram í frumvarpi því, er að framan greinir, og eftirfarandi athugasemdum og fylgiskjöldum.

Frumvarp þetta er við það miðað, að sementsverksmiðjunni verði sett ný heildarlöggjöf, og hlýtur slíkt að teljast mjög tímabær ráðstöfun. Í frumvarpinu felast ýmsar breytingar frá hinum gildandi heimildarlögum, en af þeim eru þessar helztar:

1. Slegið er fastri réttarstöðu fyrirtækisins sem sérstakrar stofnunar í eigu ríkisins, og tilgangur þess skilgreindur til hlítar (1. og 3. gr.).
2. Afnumin eru þau stærðarmörk á verksmiðju fyrirtækisins, sem fólust í fyrri lögum, þannig að umfang fyrirtækisins ráðist í þess stað af því fjármagni, sem það hefur yfir að ráða til framkvæmda á hverjum tíma, úr eigin rekstri (12. gr.) eða af framlögum ríkisins og stofnlánnum, veittum með heimild Alþingis (5. og 6. gr.).

3. Þingkjörnum stjórnarmönnum fyrirtækisins er fjölgað úr fimm í sjö, og jafnframt gert ráð fyrir varamönnum (7. gr.). Er fjölgunin m. a. ráðin með tilliti til þess, sem Alþingi hefur áður ákveðið um ýmsar ríkisstofnanir, t. d. Áburðarverksmiðju ríkisins.
4. Gert er ráð fyrir því, að skipaðir verði tveir framkvæmdastjórar við fyrirtækið, viðskiptalegur og tæknilegur (8. gr.). Er sú tilhögun með svipuðu sniði og það, sem nú gildir um Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt lögum nr. 69/1969. Auk framanritaðs hefur frumvarpið að geyma ýmis ákvæði, sem minna horfa til breytingar frá gildandi framkvæmd, þótt sum þeirra séu nýmæli. Fjalla þau m. a. um fjármál og reikningsskil fyrirtækisins, verðlagsmál þess og skattamál, svo og öryggismál. Visast í þessu efni til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

Nefndin gerði sér sérstakt far um þau ákvæði frumvarpsins, er varða framkvæmdastjórn fyrirtækisins, og hefur rætt þau og athugað mjög vandlega, enda ber nauðsyn til að koma á traustri skipan í því efni. Sú skipan, sem lýst er í frumvarpinu, er byggð á álit meirihluta nefndarinnar, en einn nefndarmanna hefur skilað séráliti, sem frá greinir að neðan. Ákvæði frumvarpsins um framkvæmdastjórn stofnunarinnar styðjast m. a. við skoðun þeirra stjórnarmanna hennar, sem þar hafa lengst starfað, og þá reynslu, sem fengin er af því fyrirkomulagi, sem verið hefur hjá fyrirtækinu til bráðabirgða að undanförunu og mjög hefur orkað til velfarnaðar um hag þess. Ljóst er, að tæknilegt forystustarf við sementsverksmiðjuna er í senn umfangsmikið og vandasamt, og hið sama gildir um forystu í viðskiptamálum og hagsýslumálum fyrirtækisins, er úrslitum ráða um afkomu þess. Er þess ekki að vænta, að einn maður geti gegnt báðum þessum störfum til hlítar, eins og gildandi heimildarlög gerðu ráð fyrir, heldur þurfa fleiri að koma til. Þannig er óeskilegt eða útilokað að skipta störfum tæknimenntaðs framkvæmdastjóra þannig, að hann þurfi jafnframt verkfræðiforustu sinni að annast um daglega framkvæmd í viðskiptamálum fyrirtækisins. Þetta er ekki síður áberandi fyrir þá sök, að viðskiptastörfin, svo sem samstarf við banka og ráðuneyti, eru að talsverðu leyti unnin í Reykjavík, en verksmiðjan sjálf hins vegar staðsett á Akranesi. Sá háttur, að hinn tæknilegi framkvæmdastjóri sé jafnframt framkvæmdastjóri viðskiptamála, hlýtur því að valda í senn, verulegri tímaeyðslu frá grundvallarstarfi, sem eftirlit og yfirstjórn framleiðslunnar sjálfrar er, auk mikilla fjarvista frá þeim stað, sem verksmiðjureksturinn fer fram. Sýnist ótvírætt horfa til heilla að lögfesta hér á nýja skipan, þannig að ráðinn verði sérstakur framkvæmdastjóri viðskiptamála, og jafnframt tæknilegur framkvæmdastjóri, sem hafi sérmenntun á því sviði. Mundi sú skipan bezt til þess fallin að auka á öryggi og skynsamleg vinnubrögð í rekstri Sementsverksmiðju ríkisins, og hefur reynslan þegar sýnt það að nokkru.

Þeir stjórnarhættir, sem þannig er gert ráð fyrir, eru víða teknir upp í stjórn-sýslu meiriháttar framleiðslufyrirtækja. Síðasta dæmið um það er frá árinu 1969, er Alþingi lögleiddi samskonar ákvæði um hliðstætt fyrirtæki, Áburðarverksmiðju ríkisins. Í fyrri lögum um Áburðarverksmiðjuna var gert ráð fyrir sömu skipan og verið hefur í lögum nr. 35/1948 um sementsverksmiðju, en framkvæmdin varð önnur hjá því hlutafélagi, sem fyrrum stóð að rekstrinum. Við endurskoðun laganna 1969 var sú skipan, sem verið hafði í framkvæmd, lögfest að fenginni reynslu.

Ákvæði frumvarpsins um sjálfa stjórn fyrirtækisins gera ráð fyrir því, að hún verði þingkjörin sem áður, án sérstakrar takmörkunar eða fyrirmæla um val stjórnarmanna, sem er lagt á vald Alþingis. Er fjölgun stjórnarmanna óefað æskileg að því marki, sem frumvarpið greinir.

Við samningu frumvarpsins var það rætt, hvort rétt væri að koma á fót formlegri samstarfsnefnd skipaðri fulltrúum frá stjórn og starfsmönnum fyrirtækisins, í þeim tilgangi að efla gagnkvæm samráð og samvinnu þeirra í milli um aðbúnað og starfshætti og hagkvæmni í rekstri verksmiðjunnar. Hér er um nýmæli að ræða, sem vert er að gefa gaum, og hefur það nýlega verið til athugunar og umræðu hjá

aðilum vinnumarkaðarins á breiðum grundvelli. Einnig voru sett ákvæði um stofnun slíkra nefnda í kjarasamningum á kaupskipaflotanum s. l. sumar. Vafasamt þótti að leggja til að svo stöddu, að nýmæli þetta yrði innleitt hjá fyrirtækinu með laga-
boði, áður en séð yrði, hverjar undirtektir það fengi í almennum kjarasamningum, og hafa ákvæði í þessa átt ekki verið tekin upp í frumvarpið. Einn nefndarmanna hefur þó lagt til, að svo verði gert, eins og greint er í sérálit hér að neðan.

Þá var einnig rætt, hvort mæla skyldi fyrir um framlög úr ríkissjóði til að bæta núverandi fjárhagsaðstöðu fyrirtækisins, en sýnt er, að skortur á rekstrarfé hefur nokkuð háð starfsemi þess að undanförunu, og m. a. takmarkað svigrúm þess í viðskiptaháttum. Einnig hefur skort fé til niðurgreiðslu á ýmsum erlendum stofnlán-
um, sem hvílt hafa á því með fullum þunga. Má sumpart rekja þetta til þeirrar fjárfestingar í mannvirkjum og flutningatækjum til dreifingar á sementi, sem í var lagt eftir að verksmiðjan byrjaði rekstur, en þó samkvæmt upphaflegri byggingar-
áætlun. Fjárhagsaðstaða verksmiðjunnar hefur verið stórlega bætt á árunum 1969 og 1970 fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar og stjórnar fyrirtækisins, m. a. með breytingu á lausaskuldum í löng lán hjá Framkvæmdasjóði og aukinni hagkvæmni í rekstri. Eftir sem áður er það athyglisvert, að eigið framlag ríkissjóðs í verksmiðj-
unni í árslok 1969 var aðeins 12 millj. króna, meðan bókfært verð fastafjármuna hennar (með hækkunum vegna gengisbreytinga) var yfir 500 millj. króna. Er fyrirtækið þannig að langmestu leyti byggt upp með lánsfé.

Ekki þótti þurfa að þessu sinni að fara fram á sérstaka hækkun á stofnfjárframlagi ríkisins, en um það mundi framvegis fara eftir ákvæðum 5. gr. frumvarpsins. Vera má hins vegar, að ástæða þyki til að athuga frekar þennan möguleika, þegar aðstaða fyrirtækisins gagnvart samkeppni frá aðildarlöndum EFTA hefur verið könnuð nánar. Það mál er nú í sérstakri athugun á vegum stjórnar sementsverksmiðjunnar. Frumvarp þetta er ekki þess eðlis, að fresta þurfi afgreiðslu þess, þar til þeirri athugun er lokið til fullnustu, heldur kæmi þá aftur til kasta Alþingis, ef nauðsyn þætti á sérstökum löggjafaraðgerðum, niðurstöðunnar vegna.

Loks var það rætt, hvort ástæða væri til að breyta formi fyrirtækisins frekar en frumvarpið gerir ráð fyrir, og þá helst þannig, að því yrði breytt í hlutafélag, þar sem ríkissjóður ætti öll hlutabréfin. Mundi því m. a. fylgja takmörkuð ábyrgð ríkissjóðs á þeim skuldbindingum fyrirtækisins, sem ekki er sérstök ríkisábyrgð fyrir. Slík breyting væri í samræmi við þá stefnu frumvarpsins, að fyrirtækið sé sjálfstæður aðili, sem standa beri á eigin fótum viðskiptalega séð, og kunnugt er, að hlutafélagsformið er víða notað erlendis um atvinnufyrirtæki í ríkiseign og hefur til þess ýmsa kosti. Meirihluti nefndarinnar taldi þessa breytingu þó ekki tímabæra, og væri varlegra að svo stöddu að treysta starfsgrundvöll fyrirtækisins í núverandi formi, eins og frumvarpið miðar að. Einn nefndarmanna telur þó eðlilegt að stefna að þessari breytingu nú þegar, sbr. sérálit hér að neðan.

Við athugun á öryggismálum og mengunarhættu vegna sementsverksmiðjunnar var haft samband við yfirverkfræðing hennar og Rannsóknastofnun iðnaðarins, sem látið hefur uppi sérstakt álit um það efni. Er það prentað sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Mengunarhætta vegna verksmiðjunnar sýnist vera hverfandi, eins og þar kemur fram, ef vel er á haldið um umgengni og aðgæzlu í rekstrinum. Þykir ekki þörf frekari lagaákvæða um þessi efni en þeirra almennu aðhaldsfyrirmæla, sem felast í 14. gr. frumvarpsins, enda er fyrirtækið jafnframt háð almennum reglum um öryggi og hreinlæti á vinnustað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er skilgreind réttarstaða stofnunarinnar, með svipuðum hætti og gert er í gildandi lögum um ríkisbankana o. fl. stofnanir, sbr. t. d. 1. og 2. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands. Er nauðsyn að hafa hér um skýr ákvæði.

Um 2. gr.

Rétt er að tilgreina heimilisvarnarþing fyrirtækisins, og er það hér gert með svipuðum hætti og í 4. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands.

Um 3. gr.

Hér er skilgreindur tilgangur fyrirtækisins, í samræmi við núverandi horfur um starfsemi þess í framtíðinni. Heimildin um efnavinnslu tengda sementsframleiðslunni mundi t. d. ná yfir þá framleiðslu á áburðarkalki úr hráefnum verksmiðjunnar, sem þar hefur verið stunduð að undanfögnu. Heimildin til að stunda rannsóknir á verkefnasviði verksmiðjunnar er sjálfsgöð, en þess ber að gæta, að forusta um slíkar rannsóknir er þegar í höndum annarra aðila, þ. e. fyrst og fremst Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem fær sérstakar tekjur til starfsemi sinnar af sölu á sementi.

Um 4. gr.

Frumvarp þetta fjallar um skilgreiningu á starfandi fyrirtæki, en ekki um yfirtöku nýs fyrirtækis á öðru. Eigi að síður er ákvæði þetta nauðsynlegt til skilgreiningar á því, hvert stofnfé fyrirtækisins og eignir eru nú.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um framtíðarframlög til fyrirtækisins úr hendi eiganda, og samsvarar að sínu leyti 2. málsg. 4. gr. laga nr. 69/1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um heimildir fyrirtækisins til lántöku innanlands og utan, til almennra þarfa og til stofnframkvæmda. Er ráðgert, að ríkissjóður verði ekki skuldbundinn af lántökum vegna stofnkostnaðar, þ. e. fjárfestingar í meiriháttar framkvæmdum eða breytingum á mannvirkjum, nema til komi samþykki ríkisstjórnarinnar á grundvelli lagaheimildar.

Um 7. gr.

Hér fjallar um stjórn fyrirtækisins og stöðu hennar, sbr. 4. gr. fyrri laga, svo og undirritun skuldbindinga, þar sem til þurfi 4 stjórnarmenn. Samkvæmt almennum reglum mundi stjórnin þó geta falið fleiri eða færri aðilum sérstök umboð til að skuldbinda fyrirtækið, og má áréttta það í reglugerð. Um prókúruumboð er fjallað í næstu grein.

Um 8. gr.

Hér er að finna ákvæði um framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Er fellt niður það ákvæði 5. gr. fyrri laga, að framkvæmdastjóri skuli vera einn og með verkfræðilega menntun, en í þess stað mælt fyrir um ráðningu tveggja framkvæmdastjóra, viðskiptamála og tæknimála, svo sem grein er fyrir gerð hér að ofan.

Um 9. gr.

Samsvarar 6. gr. fyrri laga. Gengið er út frá því, að stjórn fyrirtækisins ráði því jafnframt löggiltan endurskoðanda, er hafi umsjón með daglegu bókhaldi.

Um 10. gr.

Öbreytt frá 7. gr. fyrri laga, sem breytt var í núverandi horf með lögum nr. 39/1962. Það athugast, að ákvæði þetta telst ekki hagma gildandi reglum um greiðslu ½% framleiðslugjalds af sementi til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins samkv. 53. gr. laga nr. 64/1965.

Um 11. gr.

Samsvarar 8. gr. fyrri laga. Felld eru niður ákvæði um afskriftir og ráðstöfun tekjuafgangs, eins og gert var um Áburðarverksmiðju ríkisins með lögum nr. 69/1969, en skipa má þessu með reglugerð, ef þurfa þykir, sbr. annars 54. gr. laga nr. 52/1966 um ríkisbókhald. Um ráðstöfun tekjuafgangs bæri að hafa hliðsjón af ákvæðum næstu greinar.

Um 12. gr.

Hér fjallar um ákvörðun söluverðs á framleiðsluvörum verksmiðjunnar, er stjórn fyrirtækisins taki í samráði við ráðherra. Er það í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur að undanförunu. Sementið er nú verðlagt eftir verðjöfnunarsjónarmiðum, en ekki þykir þörf á að lögfesta það sérstaklega.

Um 13. gr.

Samsvarar 3. gr. fyrri laga. Er greinin fremur sett til öryggis, þar sem stjórn fyrirtækisins hefur þegar tryggt að verulegu leyti kaup á því landi, sem þurfa mundi við stækkun verksmiðjunnar.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða stefnumarkandi ákvæði í öryggismálum verksmiðjunnar, svipað því, sem nú gildir um kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn samkv. 10. gr. laga nr. 80/1966.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Minnihlutaálit Benedíkts Gröndal, alþm.

Samkomulag náðist ekki í nefndinni um tvö veigamikil atriði, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, sbr. 8. gr., og tillögu mína um að veita starfsfólki verksmiðjunnar hlutdeild í stjórnun með aðild að samstarfsnefnd.

Það er tillaga mín, að 8. gr. orðist svo:

„Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins ræður forstjóra fyrirtækisins og skal hann hafa verkfræðilega menntun. Veitir hann fyrirtækinu forstöðu og hefur prókúrumboð fyrir það, annast daglegan rekstur og á sæti á stjórnarfundum. Setur stjórnin forstjóra erindisbréf, er kveði nánar á um starfsskyldur hans.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, svo marga sem þurfa þykir, til að stýra einstökum þáttum rekstrarins undir stjórn forstjóra.“

Um hlutdeild starfsfólks í stjórnun flutti ég tillögu, sem hinir þrír nefndarmenn gátu ekki fallizt á. Var hún á þá leið, að á eftir 9. gr. kæmi ný grein svo hljóðandi:

„Við Sementsverksmiðju ríkisins skal starfa samstarfsnefnd skipuð þrem fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði, ásamt jafnmörgum varamönnum.

Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum aðilum til ráðuneytis, gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og efla hagkvæman rekstur fyrirtækisins. Nefndin skal eftir föngum leitast við að hindra eða leysa ágreiningsmál án þess að fara inn á svið kjarasamninga. Stjórnendum verksmiðjunnar ber að veita samstarfsnefnd allar þær upplýsingar um rekstur hennar, sem máli skipta.

Iðnaðarráðherra setur nánari ákvæði um samstarfsnefnd í reglugerð að fengnu álitum stjórnar verksmiðjunnar og starfsmannafélags.“

Minnihlutaálit Sveins Guðmundssonar, alþm.

Ég teldi eðlilegt, að stofnað væri nú þegar til hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, þar sem ríkissjóður ætti einn öll hlutabréfin, og fyrirtækið rekið í því formi, eins og heppilegt hefur þótt um ríkisfyrirtæki víða um lönd, t. d. í Svíþjóð. Yrði fyrirtækið þá háð almennum reglum um hlutafélög, eins og við þætti eiga að lögum, og því jafnframt gert að greiða skatta og skyldur til samræmis við önnur hlutafélög í landinu. Samþykki ég frumvarpsdrög nefndarinnar með þessum fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Ásgeir Pétursson:

SEMENTSVERKSMIÐJA Á ÍSLANDI

Stutt yfirlit um aðdraganda að byggingu verksmiðjunnar og rekstur hennar.

Allt frá landnámi og framundir síðustu aldamót var húsakostur Íslendinga gerður úr lítt varanlegu byggingarefni. Á þessu varð breyting um aldamótin, er innflutningur sements hófst að ráði. Þannig er talið, að um miðjan fyrsta áratug aldarinnar hafi innflutningur á sementi náð tæpum 1800 tonnum. Er mönnum urðu ljósir kostir þessa efnis til mannvirkjagerðar, kom brátt fram sú hugmynd að framleiða það hér á landi. Ekki var þó að ráði gert í málinu fyrr en árið 1936, að fenginn var útlendur kunnátturnaður, sem kannaði aðstæður hérlendis til hugsanlegrar sementsframleiðslu. Gerði hann áætlun um að byggja verksmiðju í Gufunesi, sem ætlað var að vinna úr innlendum hráefnum. Hún reyndist óraunhæf, sökum of mikils kostnaðar.

Notkun á sementi fór vaxandi og var orðin það mikil árið 1945, að menn töldu tímabært að hefja athugun þessa efnis á ný. Urðu þær til þess, að árið 1947 var flutt á Alþingi frumvarp til laga um sementsverksmiðju og varð það að lögum næsta ár, sbr. lög nr. 35/1948.

Þessi lög voru í eðli sínu heimildarlög fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja sementsverksmiðju, sbr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. þeirra. Eru þessi lög, að meginstofni, enn í gildi og því orðið ærið tímabært að setja varanlega löggjöf um verksmiðjuna, rekstur hennar og stjórn, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu.

Hinn 19. janúar 1949 voru þeir verkfræðingarnir dr. Jón E. Vestdal, Haraldur Ásgeirsson og Jóhannes Bjarnason skipaðir í nefnd til þess að ljúka rannsóknnum og undirbúningi að byggingu sementsverksmiðju hér á landi. Nefndin átti að hafa samráð við atvinnumálaráðuneytið um störf og tillögur. Nefndin hóf störf 24. sama mánaðar, og skilaði skýrslu um þau í júní 1949.

Eftir þeim heimildum, sem Alþingi hafði veitt í fyrrgreindum lögum, var ráðgert að sú verksmiðja, sem reist yrði, gæti framleitt um 75 000 tonn á ári af sementi.

En í því sambandi er athugandi, að innflutningur sements hafði orðið 64 þús. tonn á árinu 1947 og hafði þrefaldast á 10 árum. Þess má strax geta, að er sementsverksmiðjan á Akranesi var fullgerð, reyndust afköst hennar mun meiri en áætlað var, en hún getur framleitt yfir 100 þús. tonn á ári.

Í upphafi rannsóknar á því, hvar bezt væri að staðsetja verksmiðjuna, komu Vestfirðir mjög til greina. Síðar fóru fram athuganir á hráefni og öflun þess í Faxaflóa og fannst þar mikið magn skeljasands. Kisilsýruríkt líparít var fyrir hendi í Hvalfirði, en þessi hráefni eru undirstaða sementsframleiðslunnar. Við mölun sementsgjalls er blandað gísi í það, sem er um 5% af heildarmagni sements, miðað við þunga. Það er nú innflutt frá Póllandi.

Áður en endanleg ákvörðun var tekin um staðarval fyrir sementsverksmiðjuna, lét nefndin gera samanburð á stofnkostnaði og framleiðslukostnaði á Vestfjörðum, Akranesi og Geldinganesi. Kom í ljós að miklu munaði, hve kostnaður yrði hærrí á Vestfjörðum en við Faxaflóa. Mun sú staðreynd, að hafnarmannvirki voru fyrir hendi á Akranesi, og fyrirheit bæjarstjórnar þar um enn bættu hafnaraðstöðu og aðra fyrirgreiðslu, hafa skipt miklu máli um að verksmiðjunni var valinn staður á Akranesi. Ýmsir töldu þó, að æskilegt væri að staðsetja verksmiðjuna í námunda við Reykjavík, og bentu í því efni á það, að þar væri stærstur vinnumarkaður og að mikill hluti framleiðslu verksmiðjunnar yrði jafnan hagnýttur þar. Þess er þó rétt að geta að flutningur á skeljasandi og líparíti er skemmri til Akraness en til t. d. Reykjavíkur.

Það er í þessu efni athugandi, að þess sjást engin merki, að sú leið hafi verið könnuð, að byggja sementsverksmiðju í tengslum við áburðarverksmiðju. Er þetta þó þeim mun athyglisverðara, að bygging áburðarverksmiðju hafði verið ákveðin. En bersýnilegt er, að talsverð samvinna kom til greina milli slíkra fyrirtækja, bæði um hagnýtingu mannafla, tækja og efna.

Má í þessu sambandi benda á, að sementsverksmiðja getur framleitt áburðarkalk, sem áburðarverksmiðjan gæti hagnýtt í fjölbreyttari áburðartegundir, svo og að sementsverksmiðja getur hagnýtt súrefni til bættrar brennslu, en það efni skilst frá við rafgreiningu við vetnisframleiðslu.

Hinn 8. ágúst 1949 skipaði atvinnumálaráðherra fyrstu stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Var hún skipuð þrem mönnum. Hélzt sú skipan, að ráðherra skipaði þrjá menn í stjórn, til ársins 1961, er Alþingi gerði þá breytingu, að stjórnin skyldi skipuð fimm mönnum, kosnum af Sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn (l. nr. 7 frá 6. febr. 1961). Hefur sá háttur verið á hafður síðan.

Sementsverksmiðjan hóf framleiðslu á árinu 1958. Fer hér á eftir yfirlit um sementsnotkun á Íslandi árin 1958—1970:

1958	94 þús. tonn
1959	88 — —
1960	73 — —
1961	58 — —
1962	79 — —
1963	103 — —
1964	108 — —
1965	118 — —
1966	116 — —
1967	120 — —
1968	120 — —
1969	87 — —
1970	89 — —

(Það athugist, að árin 1967—1969 voru seld alls 55 þús. tonn af sementi, sem framleitt var úr innfluttu sementsgjalli.)

Íslendingar nota sement einna mest allra þjóða, miðað við hvern íbúa. Þannig eru þeir hæstir árin 1953 og 1954 allra ríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Ef könnuð er notkun aðildarlanda EFTA á sementi, kemur í ljós, að Íslendingar nota mest af sementi árin 1935 og 1950. Þeir eru í öðru sæti (á eftir Sviss) árið 1960 og þriðja árið 1966. Skýringin á því er auðvitað augljós, og er fólgin í því, að hér á landi eru íbúðarhús aðallega byggð úr steinsteypu, rúm og rammgerð, sökum erfiðs tíðarfars. Á síðari árum hafa svo hlutföll í sementsnotkun breytzt þannig, að nýbyggingar í þágu atvinnuveganna hafa aukizt meira en íbúðarbyggingar. Erfitt er þó að draga skýr mörk í milli þessara þátta.

Ljóst er, að notkun sements er næmari fyrir breytingum á hinu almenna ástandi í efnahagsmálum Þjóðarinnar en sjálfu verði sementsins. Ef dregur úr vexti Þjóðarframleiðslunnar kemur það og mjög skjótt fram, mun fyrr en í öðrum löndum. Þess gætir einatt strax á því yfirstandandi ári, sem óhagstætt er, en ekki óhjákvæmilega næsta ár á eftir, eins og margir myndu ætla, að óreyndu.

Þá er það einnig mjög athyglisvert, að aukning á sementsnotkun fylgir aukningu Þjóðarframleiðslunnar einungis að vissu marki. Er líklegt að hámark notkunar takmarkist í því efni af framboði á vinnuafli og tæknilegum aðstæðum á hverjum tíma.

Sú kenning hefur heyrzt, að þess megi vænta að sementsnotkun tvöfaldist á hverjum 10 árum. Hún er varhugaverð, enda hefur reynslan sýnt, að því er Ísland varðar, að á árunum 1958, er Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa, til ársloka 1968 jókst notkunin einungis um 29%.

Sementsnotkun á Íslandi, miðað við kg á íbúa, er frá 1960, svo sem hér segir:

1960	413
1961	322
1962	430
1963	551
1964	582
1965	609
1966	589
1967	605
1968	598
1969	430
1970	439

Af töflu þeirri, sem hér fer á eftir sést sementssala í krónutölu, heildarvinnulaunagreiðslur og niðurstaða rekstrarreiknings:

Ár	Sementssala í kr.	Vinnulaun	Rekstursútkoma
1958	20 049 455.65	15 499 104.06	÷ 109 106.42
1959	55 603 533.69	11 454 363.11	+ 140 474.50
1960	66 491 252.35	12 857 425.78	+ 84 802.97
1961	77 962 806.85	12 538 060.97	+ 63 677.84
1962	106 108 940.59	16 549 901.68	+ 168 628.51
1963	126 580 135.76	17 763 092.19	+ 1 419 991.65
1964	131 476 986.16	20 745 941.08	+ 6 733 903.13
1965	148 880 096.39	25 591 446.32	+ 2 313 104.91
1966	135 108 607.89	34 040 952.88	+ 1 532 500.25
1967	150 811 660.63	43 989 656.14	+ 235 787.34
1968	163 279 443.21	47 534 312.64	÷ 8 319 462.33
1969	173 251 719.55	45 468 418.84	÷ 3 906 949.57
1970	207 004 413.25	53 042 490.90	÷ 144 385.20

Samtals 1 562 609 051.97 357 075 166.59

Taflan sýnir niðurstöður í ársreikningum, hverju sinni. Raunveruleg rekstrarafkoma var þó mun betri en tölur ársins 1964 sýna, vegna breyttra aðferða við afskriftir og breyttra matsaðferða, að því er birgðir varðar. Rekstrarafkoman 1968 er svo óhagstæð sem raun ber vitni sökum gengisbreytingar, en verksmiðjan varð þá fyrir áföllum, m. a. vegna gengistaps á erlendum lausaskuldum.

Gengistap vegna fastra erlendra byggingarlána á árinu 1968, svo dæmi sé nefnt, nam kr. 99.4 millj.

Rétt er að fram komi, að framleiðsla ársins 1970 varð mun minni en ella, vegna þess að undir lok hinnar venjulegu stöðvunar framleiðslu, vegna effirlits með vélum, skall á langvarandi verkfall. Gjallframleiðsla á hvern rekstrardag varð svipuð og árið á undan.

Reikningsskilum fyrir árið 1970 er lokið. Rekstrarhalli varð kr. 144 385.00. Fasta-fjármunir fyrirtækisins höfðu þá verið afskrifaðir um 42.4 millj. kr. Lausafjárstaða verksmiðjunnar batnaði um 6.2 millj. kr. á árinu 1970 og er það niðurstaða eignabreytingareiknings. Stafar það að öllu leyti af eigin fjáröflun. Lausafjárstaðan er þó enn mjög erfið, því veltufjármunir í árslok 1970 eru 93.9 millj. kr. en lán til skamms tíma alls 127.9 millj. kr.

Öllum er ljós þjóðhagsleg þýðing þess, að framleiða sement, hið þýðingarmesta byggingarefni, í landinu sjálfu. Þá er og rétt að benda á hversu stórfellda þýðingu verksmiðjan hefur fyrir atvinnulíf í Akraneskaupstað. Sést það m. a. af eftirfarandi: Sementsverksmiðjan greiddi 52.7 millj. kr. í laun á árinu 1970, þar af til starfsmanna, sem búsettir eru á Akranesi, 45.6 millj. kr. Hún greiddi til hafnarsjóðs Akraness, í vörugjöld, 3.3 millj. kr. á sama ári, sem mun vera yfir 40% af brúttótekjum hafnarsjóðsins. Sementsverksmiðjan mun greiða í landsútsvar vegna ársins 1970 4.6 millj. kr., þar af rennur rúmlega fjórði hlutinn til bæjarsjóðs Akraness. Verksmiðjan keypti raforku af Rafveitu Akraness fyrir 8.6 millj. kr. árið 1970. Verksmiðjan á auk þess viðskipti við fjölda fyrirtækja á Akranesi, fyrir fjárhæð, er nemur mörgum millj. kr.

Dreifing sements fer fram frá verksmiðjunni á Akranesi og afgreiðslustöðinni að Ártúnshöfða í Reykjavík. Skiptist salan á árinu 1970 þannig í kr.:

Selt sement á Akranesi	69.2 millj. kr.
Selt sement í Reykjavík	155.8 — —

(Það athugist að söluskattur og afsl., kr. 17.9 millj., er innifalinn í þessum tölum).

Frá verksmiðjunni á Akranesi er sement flutt til Ártúnshöfða með ferju, sem er í eigu Akraneskaupstaðar og verksmiðjan hefur notað frá upphafi. Sandey, skip Björgunar h.f., dælir upp og flytur til Akraness um 120 þús. m³ af skeljasandi á ári.

Sementsverksmiðja ríkisins lét byggja skip árið 1965, Freyfaxa (1387 smál. að burðarþoli), sem sérstaklega er byggt til flutnings á sementi á hafnir landsins. Hófust flutningar með þessu skipi árið 1966 og flytur það framleiðsluna á nál. 40 hafnir. Mjög brýn nauðsyn var orðin á því, að fyrirtækið hefði slíkt skip til umræða, ef takast átti að veita þá þjónustu, að því er flutninga varðaði, sem æskilegt var talið. Flutningskostnaður var á árinu 1970 kr. 435.00 á tonn, en uppskipunargjald hefur haldizt óbreytt mörg ár. Auk þess að flytja sement á hafnir landsins, fer skipið venjulega 5 ferðir árlega (að vetrarlagi) til Póllands og flytur þaðan rúmlega 5000 tonn af gibsi.

Verksmiðjan flytur með eigin flutningabifreiðum líparit frá námunni í Hvalfirði og eru flutt þaðan í verksmiðjuna á Akranesi um 20 þús. tonn á ári. Þá á verksmiðjan þrjár tankbifreiðar, til flutninga á lausu sementi. Sement til steypustöðva, og til meiriháttar mannvirkjagerða, er yfirleitt flutt án umbúða, eða „laust“, eins og kallað er í daglegu máli.

Sementsverksmiðjan hefur flutt sement til útlanda. Er notkun sements innanlands minnkaði mjög á árunum 1960—1962, var gripið til þess ráðs að selja hluta framleiðslunnar til Bretlandseyja. Var það sement flutt út sekkjað og var magnið 51 þús. tonn. Þótt verðið væri lægra, sem fékkst á hinum erlenda markaði, var fjárhagslega betri kostur að selja framleiðsluna úr landi en að stöðva rekstur verksmiðjunnar. Verðið svaraði breytilegum kostnaði. Auk þess fékkst við þennan útflutning marghátuð, dýrmæt reynsla og staðfesting á gæðum framleiðslunnar. Á s. l. ári voru flutt út 10 þús. tonn af sementsgjalli til Danmerkur.

Frá öndverðu var gert ráð fyrir því, að Sementsverksmiðjan yrði stækkuð er tímar liðu og notkun hefði vaxið. Ljóst er þó, að ekki kemur til mála að stækka verksmiðjuna fyrr en öll framleiðsla hennar og allmikill innflutningur selst árvissst. Með þetta í huga voru verksmiðjubyggingar og stjórnbygging hafðar stærri en ella. Kvarnhús getur rúmað viðbótar kvarnir til mölunar á sementsgjalli. Pökkunarstöð er nýtt að tæpl. 70% við núverandi stærð, og minnkar sú nýting ef pökkunarvélar verða settar upp í Ártúnshöfða. Oliutankar eru nægilega stórir til þess að geyma olíu eftir að stækkun hefur verið framkvæmd og staðsetning brennsluofns er með þeim hætti, að unnt er að bæta við öðrum ofni og hagnýta jafnframt önnur framleiðslutæki, sem fyrir eru. Sementsverksmiðjan er lítil, borið saman við flestar erlendar verksmiðjur, og augljóst, að erfitt er að ná þeirri hagkvæmni í framleiðslu, sem unnt er með afkastameiri framleiðslutækjum.

Sement er verðjafnað og er útsöluverð þess svipað víðast hvar á landinu. Hefur svo verið frá því er verksmiðjan hóf starfsemi sína, enda var þá stefnt að því að þetta fyrirtæki þjóðarinnar skyldi koma landsmönnum að svipuðu gagni, án tillits til húsetu. Hætt er við að menn teldu það ekki efla jafnvægi í byggð landsins, ef svo þýðingarmikið byggingarefni sem sement er, yrði þeim mun dýrara sem lengra dregur frá þéttbýlinu við Faxaflóa.

Kostnaður við skrifstofuhald, stjórnun og rekstur rannsóknarstofu er eðlilega óhagstæðari í smárri verksmiðju en stórrí. Hlutdeild skrifstofuhalds í heildarmannafla lækkaði þó verulega, er skrifstofa verksmiðjunnar var flutt á Akranes árið 1969. Starfsmenn Sementsverksmiðjunnar eru nú 135 að tölu.

Vegagerð úr steinsteypu hefur ekki verið mikil hér á landi. Mesta mannvirki þeirrar tegundar er þjóðvegurinn milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Í ráði er að halda áfram Vesturlandsvegagerð með varanlegu slitlagi. Sementsverksmiðjan gefur sveitarfélögum kost á sementi til gatnagerðar með lánskjörum, og hafa allmörg þeirra notfært sér þau boð. Hefur stjórn Sementsverksmiðjunnar mjög lagt sig fram um að stuðla að frekari þróun á þessu sviði.

Reynslan virðist sýna, að malbik reynist yfirleitt ekki vel hér á landi. Þýzkur vegagerðarsérfræðingur, sem hingað kom á vegum Sementsverksmiðjunnar, telur, að umhleypingasamt veðurfar valdi þar miklu. Tíðar hitasveiflur valda því, að malbik er á stöðugri hreyfingu, lyftist við frostþenslu og hjaðnar er hlýnar. Kunni þetta að valda því, að malbik haldi ekki samloðunarhæfni sinni eins og það gerir við stöðugra veðurfar.

Umsógn fyrirvarsmanna Vegagerðar ríkisins um íslenskt sement í brýr og vegi er sú, að það hafi uppfyllt þær kröfur, sem til þess eru gerðar, og reynzt mjög vel.

Sementsverksmiðja ríkisins getur framleitt um 10 þús. tonn á ári af áburðarkalki. Hún styður jarðvegsrannsóknir varðandi notagildi kalks, m. a. gegn kalkskemmdum. Rannsóknirnar eru framkvæmdar við Bændaskólann á Hvanneyri, og leggur verksmiðjan til bæði fjármuni til þess að standa undir vísindarannsóknnum þessum og ókeypis kalk.

Að lokum skal vikið að því að Sementsverksmiðja ríkisins hefur ekki að ráði rekið skipulagða upplýsingastarfsemi fyrir almenning, notendur sements eða aðra. Úr þessu er brýn nauðsyn að bæta, því ekki er ósennilegt, að skortur á upplýsingum frá fyrirtækinu sjálfu eigi nokkra sök á þeirri einatt örökstuddu gagurýni, sem gætt hefur að undanfögnu á þessari stofnun.

Fylgiskjal II.

RANNSÓKNASTOFNUN IÐNAÐARINS

Reykjavík, 15. janúar 1971.

Mengunarmöguleikar á Akranesi af völdum Sementsverksmiðju ríkisins.

Framleiðslustarfsemi Sementsverksmiðjunnar er í þrem þáttum:

- 1) Hráefnisöflun.
- 2) Leðjuframleiðsla og gjallbrennsla.
- 3) Gjallmölun, sementspökkun.

Ef þessir þættir eru athugaðir nánar hvað mengunarhættu viðvikur, þá er:

1. Hráefnisöflun.

Ekki er mögulegt að tala um mengun í sambandi við hráefnaöflunina.

Líparítið er flutt að frá líparitnámunni í Hvalfirði og flutt beint í lokaða efnisgeymsluna.

Skeljasandinum er dælt úr sanddæluskipinu inn í sandgeymsluþró. eru steypdir varnarveggir kringum sandgeymsluþróna til þess að hefta sandfok eftir föngum.

Í afspyrnuroki er ekki útilokað, að nokkur sandur geti fokið, og annað sandfok á Akranesi miklu meira.

2. Leðjuframleiðsla og gjallbrennsla.

Leðjan er framleidd með mölun á skeljasandi og líparíti með íblöndun vatns. Samfara þessari vinnslu er engin mengun. Einungis getur hent, að leðja berist út á lóð verksmiðjunnar og valdi þar vissum óþrifum. En þornar síðan og verður þá ekki greind frá öðrum jarðefnum og er því engin mengun, þótt mistök hafi orðið.

Í sambandi við gjallbrennsluna er aðalmengunarhættan, enda eru þar miklar ráðstafanir gerðar til þess að hindra slíkt.

Mengun sú, sem orðið getur, er — rykmengun og mengun af völdum brennisteinsoxíðs.

Í öllum sementsofnum myndast mikið ryk, en þar sem á Akranesi er unnið með vot- eða leðjuaðferð, eru erfiðleikarnir þess vegna minni en ella.

Megnið af rykinu festist í keðjunum, sem hræra í leðjunni í þurrkenda ofnsins. Síðan falla stærstu rykkornin niður í geymi þann, sem er utan um leðjuinntakið. Reykurinn fer því næst í gegnum 2 raf-ryksíur, áður en honum er blásið upp um skorsteininn.

Rafryksíur þessar eru með eðlilegum rekstri mjög vel virkar, þannig að í reynd fjarlægja þær um 99% alls ryks, en það sem út gæti farið er minna en 10 micron og það fint, að það svífur.

Skorsteinninn er 67 metrar á hæð, en það tryggir bezta dreifingu og að reykurinn þynnist og berist langt, áður en hætta væri á, að hann legðist að jörðu.

Í reyknum er ávallt brennisteinsoxíð, sem á uppruna sinn í brennisteini þeim, sem í brennsluoliunni er.

Þar sem mjög veigamikið er, vegna gæða sementsins, að sem minnst brennisteinssambönd myndist, er reynt að fá olíu með sem minnstu brennisteinmagni. Mun magnið vera það lágt, um 2%, að það eitt ætti að tryggja, að magn brennisteinsoxíðs í reyknum er ávallt minna en þau mörk, sem tilskilin eru í þéttbýli erlendis eða 0.20%.

Önnur rykmyndun er í sambandi við kælingu gjallsins, og eru þar notaðir straumhvirlshreinsarar (cyklonar). eru þessi tæki einnig vel virk, enda auðveldara að fást við þetta ryk, þar sem það er grófara.

Þetta ryk er ávallt kringum brennsluenda ofnsins og verður að sjúga eða sópa því upp. En umhverfinu stafar ekki hættu af því, enda er ryk þetta ekki hættulegt (sjá síðar).

Gjallið er flutt í gjallgeymsluna í lokuðum keðjustrokkum og því lítið ryk, sem getur horizt út þaðan.

3. Gjallmölun og sementspökkun.

Gjallið er geymt í lokuðum gjallgeymsluskála og mokað þar inn í gjallmölunargeymana og eru því litlir möguleikar á, að ryk berist út.

Við sementskvörnina myndast eðlilega ryk, en þar er það einnig hreinsað með rafsiu, svo að lítið sem ekkert berst út.

Í mölunarsalnum sezt óviðráðanlega til sementsryk, en það berst ekki út vegna stærðar salarins og forsalarins, sem er áfastur.

Við sementsgeymana eru einnig síur, pokasíur, og eru þær einnig í sambandi við pökkunina, svo engin mengun berst út í umhverfið.

Flutningur frá verksmiðjunni á sementi getur valdið slæðingi sements, ef pokar rifna, en ekki getur slíkt talizt mengun.

Efni þau, sem eru í sementsryki frá sementsverksmiðju, sem vinnur með vot-eða leðjuaðferðinni, eru ekki skaðleg. Czaja, Zementstaubwirkung 1962; Cohrs und Trautwein: Experimentale Untersuchung über die Wirkung von Zementstaub auf Tiere. 1959.

Gróðri og dýrum er því engin hættu búin af völdum úrgangsefna, sem berast kunna frá sementsverksmiðjunni á Akranesi.

Ekki er heldur kunnugt um, að sements- eða gjallryk það, sem óhjákvæmilega er ávallt til staðar í sambandi við störf við sementsverksmiðjur eins og sementsverksmiðjuna á Akranesi, hafi að jafnaði skaðlegar verkanir á starfsmenn.

Sements- eða gjallrykið er leysanlegt og getur líkaminn losað sig við það að vissu marki. Er það á annan veg en kísilsýruríkt steinryk, sem valdið getur „Silicosa“. Þó hafa sumir ofnæmi fyrir öllu ryki, og eiga þeir ekki að vinna í slíkum verksmiðjum. En þó skal sú regla gilda að verja sig ávallt öllu ryki með rykgrímum.

Ályktun.

Í sambandi við framleiðslu sements í Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi er óhjákvæmilega rykmyndun og einnig myndast kolsýra ásamt brennisteinsoxiði við brennslu gjallsins.

Ráðstafanir þær, sem gerðar eru til þess að hefta mengun umhverfisins eru af þeim fullkomnustu og virkustu gerðum sem fánlegar eru. — Pokasíur, hvirfillofttrykskiljur, raftrykskiljur og mjög hár reyk háfur.

Að sjálfsgöðu er við vélar og framleiðslutæki verksmiðjunnar ávallt ryk eins og í öllum sementsverksmiðjum.

En ef öll tæki eru í lagi og fyllsta þrifnaðar gætt, er lítil hættu á, að ryk berist út af lóð verksmiðjunnar nema mjög stutt.

Berist ryk út, er það skaðlaust. Öðrum efnum, svo sem brennisteinsoxiði er dreift það hátt og það mikið þynntu, að skaði af því er óhugsandi.

Virðingarfyllt,

Pétur Sigurjónsson.